



Starfsreglur skólamötuneyta í Norðurþingi

Skólamötuneyti í Norðurþingi starfa samkvæmt opinberum ráðleggingum Landlæknisembættisins sem finna má í handbókum leik- og grunnskólamötuneyta. Einnig starfar hvert mötuneyti í samstarfi við þá skóla sem það þjónustar og samkvæmt skóladagatali þeirra.

Starfrækt eru þrjú skólamötuneyti í sveitarfélaginu.

Skólamötuneyti Húsavíkur

Þjónustar leikskólann Grænuvelli og 1.-10. bekk í Borgarhólsskóla. Auk þess býðst nemendum Framhaldsskólans á Húsavík að kaupa máltíðir þar.

Vefsíða Grænuvalla: <https://graenuvellir.karellen.is/>

Vefsíða Borgarhólsskóla: <https://www.borgarholsskoli.is/>

Yfirmatráður: Mikael Þorsteinsson: mikael@nordurthing.is

Skólamötuneyti Öxarfjarðarskóla

Þjónustar samrekinn leik- og grunnskóla í Lundi í Öxarfirði.

Vefsíða Öxarfjarðarskóla: <https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/>

Skólastjóri: Hrund Ásgeirsdóttir, hrund@oxarfjardarskoli.is

Sími 464 2244

Skólamötuneyti Grunnskóla Raufarhafnar

Þjónustar samrekinn leik- og grunnskóla Grunnskóla Raufarhafnar.

Vefsíða Grunnskóla Raufarhafnar: <https://grunnskoli.raufarhofn.is/is>

Skólastjóri: Gunnur Árnadóttir, gunnur@raufarhafnarskoli.is

Sími 464 9870

Matseðla má finna á vefsíðu hvers skóla fyrir sig.

Nemendur leikskóla

Umsóknir

Leikskólanemendur innritast sjálfkrafa í mötuneyti þegar leikskólavist er samþykkt eftir vistunartíma hvers nemanda.

Sótt er um leikskólanám á Grænuvöllum á vefsíðu leikskólans undir upplýsingar. Umsóknir um leikskólanám í leikskóladeildum Öxarfjarðarskóla og Grunnskóla Raufarhafnar skulu berast skólastjóra.

Uppsögn

Gagnkvæmur uppsagnafrestur á leikskólasamningi er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Óski foreldrar/forráðamenn eftir breytingu á leikskólasamningi eða segja honum upp er það gert á eftirfarandi hátt:

- Grænuvellir: Með tölvupósti til leiksskólastjóra.
- Leikskóladeildir Öxarfjarðarskóla: Með tölvupósti til skólastjóra
- Grunnskóli Raufarhafnar: Með tölvupósti til skólastjóra.

Fæðisgjöld

Boðið er upp á morgunverð, hádegisverð og síðdegisverð. Gjaldskrá fæðisgjalda má finna í gjaldskrá leikskóla á vefsíðum skólanna og vefsíðu Norðurþings.

Fæðisgjöld eru innheimt með leikskólagjöldum. Foreldrar greiða dvalar- og fæðisgjöld samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af sveitarstjórn.

Fæðisgjöld eru greidd fyrirfram, gjalddagi miðast við fyrsta virka dag hvers mánaðar. Fæðisgjöld skulu greidd samkvæmt leikskólasamningi hvers barns.

Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga og reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Greitt er fyrir 11 mánuði á ári.

Norðurþing greiðir stærstan hluta fæðiskostnaðar. Breytingar á gjaldskrá eru kynntar foreldrum með tilkynningu frá leikskólanum, jafnframt er uppfærð gjaldskrá birt á heimasíðu leikskólans og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ef til þriggja mánaða vanskila kemur er foreldrum leiðbeint með að semja um greiðslu gjalda, annars er leikskólastjóra skylt að segja upp leikskólasamningi.

Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjöldum en hægt er að fá fæðiskostnað felldan niður ef sótt hefur verið um leyfi fyrir nemanda í samfelld 4 vikur eða lengur.

Geti nemandi ekki sótt leikskóla vegna veikinda samfelld 4 vikur eða lengur er hægt að óska eftir niðurfellingu fæðisgjalda gegn framvísun læknisvottorðs.

Opnunartími

Mötuneyti leikskóla fylgja skóladagatölum hvers skóla fyrir sig. Skóladagatöl má finna á vefsíðum skólanna. Leikskólarnir eru opnir frá 8.00 – 16.00 og börn geta dvalið á leikskóla í fjórar til átta klukkustundir að hámarki á dag.

Fæðisgjöld eru ekki innheimt þá daga sem leikskólar eru lokaðir.



Nemendur grunnskóla

Umsóknir um mötuneyti

Tekið er á móti umsóknum allt árið.

Innritun nemenda Grunnskóla Raufarhafnar: Nemendur innritast sjálfkrafa í mötuneyti við innritun í skóla.

Innritun nemenda Öxarfjarðarskóla: Nemendur innritast sjálfkrafa í mötuneyti við innritun í skóla.

Innritun nemenda Borgarhólsskóla: Skráning er á vefsíðu Borgarhólsskóla.

Uppsögn

Uppsagnir skulu berast í tölvupósti til stjórnanda mötuneytis.

Uppsögn nemenda Grunnskóla Raufarhafnar: gunnur@raufarhafnarskoli.is

Uppsögn nemenda Öxarfjarðarskóla: hrund@oxarfjardarskoli.is

Uppsögn nemenda Borgarhólsskóla: mikael@nordurthing.is

Fæðisgjöld

Hádegisverður grunnskóla er gjaldfrjálss frá upphafi skólaárs 2024-2025. Gildistími er til samræmis við kjarasamninga á almennum markaði.

Boðið er upp á morgunhressingu, ávexti og hádegisverð. Eingöngu er greitt fyrir hádegisverðinn samkvæmt gjaldskrá skólamötuneyta.

Gjaldskrá fæðisgjalda má finna á vefsíðum skólanna og á vefsíðu Norðurþings.

Foreldrar greiða fæðisgjöld samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af sveitarstjórn.

Fæðisgjöld eru greidd fyrirfram, gjalddagi miðast við fyrsta virka dag hvers mánaðar. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga og reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

Norðurþing greiðir stærstan hluta fæðiskostnaðar. Breytingar á gjaldskrá eru kynntar foreldrum með tilkynningu frá skóla/mötuneyti, jafnframt er uppfærð gjaldskrá birt á heimasíðu skólanna og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ef til þriggja mánaða vanskila kemur er foreldrum leiðbeint með að semja um greiðslu gjalda, annars teljast vanskil jafngilda uppsögn.

Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjöldum en hægt er að fá fæðiskostnað felldan niður ef sótt hefur verið um leyfi fyrir nemanda í samfelld 4 vikur eða lengur.

Geti nemandi ekki sótt skóla vegna veikinda samfelld 4 vikur eða lengur er hægt að óska eftir niðurfellingu fæðisgjalda gegn framvísun læknisvottorðs.

Opnunartími

Mötuneyti grunnskóla fylgja skóladagatölum hvers skóla fyrir sig. Skóladagatöl má finna á vefsíðum skólanna.

Fæðisgjöld eru ekki innheimt þá daga sem skólar eru lokaðir.



Þagnarskylda

Allt starfsfólk skólamötuneyta Norðurþings er bundið þagnarskyldu og helst þagnarskylda þó látið sé af störfum. Tilkynningaskylda til barnaverndar gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu starfsstétta Samkvæmt 17. Gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Meðferð ágreiningsmála

Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara reglna sem ekki tekst að leysa með stjórnanda mötuneytis er hægt að vísa málinu til fræðslufulltrúa sem fer með málefni skólamötuneyta. Náist ekki samkomulag ber að vísa málum til fjölskylduráðs. Ákvarðanir sveitarfélagsins um réttindi einstakra barna eru kæránlegar til menntamálaráðherra samkvæmt 10. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008 og 11. kafla laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Samþykkt af fjölskylduráði 01.09. 2024

Staðfest af sveitarstjórn 19.09. 2024



NORÐURÞING

